

Ed.

185. Nefndarálit

[75. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um frv. Við erum samþykkir því, að tekjufrádráttur hjá sjómönnum við skattálagningu sé gerður víðtækari en hann er nú, svo sem lagt er til í 1. gr. frv., en við erum því andvígir, að þeim álögum, sem fjallað er um í frv. að öðru leyti, sé nú bætt á almenning, sem verður nú að taka á sig miklar byrðar vegna gengislækkunarinnar. Ríkissjóður þarf ekki á þessari skattlagningu að halda vegna þeirra auknu ríkistekna, er af gengisbreytingunni leiðir.

Það er auk þess skoðun okkar, að fasteignir eigi fyrst og fremst að vera skattstofn fyrir sveitarfélögin. Við leggjum því til, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu, að 2. gr. verði felld brott.

Ef ekki verður fallizt á tillögu okkar um að fella niður 2. gr. frv., munum við flytja breytingartillögur við 3. umr. frv. og freista þannig nokkurrar lagfæringar á ákvæðum þess varðandi álagið á fasteignamat og skattfrjálsa eign við útreikning á eignarskatti.

Alþingi, 18. des. 1967.

Einar Ágústsson,
frsm.

Bjarni Guðbjörnsson.

Björn Jónsson.